

Ár 1973, laugardaginn 30. júní, var í málinu nr. 19/1972  
kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd svohljóðandi

Á r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að í aðalmati fasteigna, sem löggilt  
var til að öðlast gildi 1. janúar 1972, var fasteign Tómasar  
Kristjánssonar í Grímsnesi, sumarhús ásamt nokkru landi, metin  
á samtals 576 þús. krónur, þar af var landi metið á 250 þús.  
krónur og sumarhúsið á 326 þús. krónur. Höfur hreppsnæfnd  
Grímsneshrepps lagt fasteignaskatt á fasteign þessa á grundvelli  
þessa mats.

Með bréfi til fasteignamats ríkisins, dags. 6. október  
1972, og bréfi til Yfirfasteignamatnefndar, dags. 29. marz  
1973, höfur eigandi ofangreindrar fasteignar, Tómas Kristjánsson,  
kært til lökkunar fasteignamat fasteignarinnar, bæði lands og  
mannvirkja, og svo þá ákvörðun sveitarstjórnar Grímsneshrepps,  
að skattleggja fasteignina samkvæmt b-lið 3. gr. laga nr. 8/1972  
um tekjustofna sveitarfélaga.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, er umrædd fasteign,  
land og hús, notað til sumardvalar. Ber að meta fasteigninn  
miðað við þau not á grundvelli 14. gr. laga nr. 28/1963 og 8. gr.  
reglugerðar nr. 301/1969, sbr. ennfreður 2. tl. 21. gr. og 2. mgr.  
22. gr. laga nr. 28/1963. Að því og öðrum atriðum athuguðum,  
veður ekki fallið á, að umrædd fasteign sé svo hátt metin í  
aðalmati, að skilyrði séu fyrir honni til endurskoðunar á því,  
sbr. 2. tl. 21. gr. laga nr. 28/1963.

Tekið skal fram, að ekki eru á þessu stigi á valdi Yfirfast-  
eignamatnefndar að hækka aðrar fasteignir í mati, að svo miklu  
leyti sem ósamræmis kann að geta, né að fjalla um réttaráhrif  
hugsanlega ósamræmis miðað við aðrar fasteignir, t.d. í sama  
sveitarfélagi og umrædd fasteign.

Skýra verður a-lið 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna  
sveitarfélaga svo, að til íbúða og íbúðarhúsa samkvæmt því ákvæði  
geti eigi talizt húsneði, sem notað er til tímabundinnar dvalar  
af sumri til eða um helgar, sbr. nú 3. gr. reglugerðar nr.  
320/1972 um fasteignaskatt. Ber því að skattleggja fasteign kær-  
anda á grundvelli b-liðs 3. gr. laga nr. 8/1972.

Samkvæmt framansögðu, eru eigi rök til að taka kröfur kær-  
anda til greina.

anda til greina.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Framangreindar kröfur kæranda, Tómasar Kristjánssonar, um  
lökkun fasteignamatssverfis og breytta álagningu fasteignaskatts,  
eru ekki teknar til greina.

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson

Pálmi Jónsson